

**Fundargerð 12. stjórnarfundar sem haldinn var á Flugleiðahóтели Kirkjubæjarklaustri
2. september 2008.**

Mættir: Anna Kristín Ólafsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Böðvar Pétursson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson og Þórunn Pétursdóttir og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri
Boðuð forföll: Magnús Hallgrímsson.

1. *Samþykkt dagskrár*

- Samþykkt

2. *Samþykki fundargerða 10. og 11. stjórnarfundar, 30. maí og 3. júlí 2008.*

- Samþykktar með lítillsháttar viðbótum.

3. *Rekstrarmál:*

- *Verndaráætlun- framvinda-samræming*
Notaður verði sameiginlegur kortgrunnur, fá tilboð frá 2-3 aðilum
Gerður verði samningur við Náttúrufræðistofnun Íslands um afnot af gróður- og jarðfræðikortum
Fundur verður 3. október n.k. með fulltrúum verkefnisins, stjórn, svæðisráðum, þjóðgarðsvörðum og framkvæmdastjóra
- *Landvarsla 2008*
Landverðir munu skila skýrslum um landvörslu á öllum svæðum þjóðgarðsins og í framhaldi verða haldnir aðskildir fundir með landvörðum frá hverju svæði í lok september og byrjun október.
- *Starfsmannamál*
Unnið verði að sameiginlegri starfsmannastefnu þar sem lögð verður áhersla á að þjóðgarðurinn er ein rekstrareining sem skiptist í fjögur rekstarsvæði.
- *Skipurit og starfslýsingar*
Kynnt voru drög að skipuriti fyrir Vatnajökulspjóðgarð svo og fyrstu drög að starfslýsingum fyrir framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði. Einnig er unnið að starfslýsingum fyrir sérfræðinga, landverði og yfirlandverði. Svæðisráð munu fjalla um starfslýsingar.
- *Bæklingar, kort, skilti, merkingar*
Kynnt var það efni sem gefið var út í sumar; heildarbæklingur svo og sérbæklingar fyrir annars vegar Jökulsárgljúfur og hins vegar Skaftafell, á bæði íslensku og ensku. Útgáfa annarra bæklinga þ.m.t. göngu- og fræðslubæklinga bíður næsta árs. Unnið er að gerð heildaáætlunar um skilti og merkingar og stefnt að því að þau mál verði í forgangi verkefna á árinu 2009.

- *Gestastofa á Skriðuklaustri*
Unnið er áfram að arkitekta- og verkfræðihönnun hússins og mun sú vinna standa yfir fram undir lok árs. Stefnt er því að verkið verði boðið út í tveimur áföngum, annars vegar jarðvinna og hins vegar bygging hússins. Skóflustunga gæti orðið í nóvember og að jarðvinnu ljúki fyrir áramót. Áætlað er að byggingu hússins gæti verið lokið í nóvember 2009.
- *Landvarðahús í Blágiljum*
Arkís hefur lagt fram tillögu, sem skoðuð var í líkani.
- Samþykkt að halda áfram með þá hugmynd.
- *Tjarnargígur við Laka*
Samþykkt var að ljúka framkvæmdum við pallagöngustíg við Tjarnargíg, sem hafist var handa um á síðasta ári. Stefnt að því að ljúka framkvæmdinni fyrir lok september.
- *Sérfræðingur í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum*
Kynnt var auglýsing og ráðning í starf nýs sérfræðings sem ráðinn hefur verið í Jökulsárgljúfrum. Svo og þarf að ráða tímabundið í eitt ár (vegna leyfis) í starf sérfræðings í Skaftafelli.
- *Launagreiðslur til stjórnarmanna og svæðisráða*
Samþykkt að biðja umhverfissráðuneytið um að fulltrúar í svæðisráðum fái greitt fyrir fundarsetu, en skv. skipunarbréfi er ekki gert ráð fyrir slíkum greiðslum. Fara þess á leit við þóknananefnd fjármálaráðuneytis að greiðsla til stjórnarmanna verði gerð föst fyrir hvern stjórnarfund.

4. *Fjármál 2008*

Rekstur 1. jan. til 31. ágúst 2008

Kynnt var bráðabirgðauppgjör fyrir rekstur þjóðgarðsins í heild.

Þegar 9 mánaðauppgjör liggur fyrir, eftir miðjan október verður það uppgjör kynnt á næsta stjórnarfundum þar á eftir.

5. *Rekstur og framkvæmdir 2009*

- *Landvarsla*
- *Uppbygging í þjóðgarðinum; stígar, skilti, brýr, merkingar, kynningarefni*
- *Endurbætur í Jökulsárgljúfrum*
- *Endurbætur í Skaftafelli*
- *Hreinlætisaðstaða Dettifoss vestur, Blágiljum, Hrossatungum*
- *Upplýsingastöðvar 2009; Grímsstaðir, Möðrudalur og Lón*
- Beðið með frekari ákvarðanir þar til fjárlög 2009 liggja fyrir og rekstar- og framkvæmdaáætlun 2009 verða gerðar á grundvelli þeirra.

6. *Fjármál 2009*

- Stefnt að fundi sem fyrst um fjárlagagerð 2009.

7. *Önnur mál*

- *Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir Dettifossveg, vestan Jökulsár,*
- Ákvörðun bíður næsta fundar.
- *Ráðning þjóðgarðsvarðar á Kirkjubæjarklaustri*
- Verður tekið upp á næsta stjórnarfund

8. *Næsti stjórnarfundur*

- Næsti stjórnarfundur ákveðinn 4. október og verður hann haldinn í Mývatnssveit.

ÞHÓ ritaði fundargerð 180908